



Hjá Ferðafélagi Akureyrar eru flestar ferðir sem falla undir erfiðleikastigið **2 skór**. Þær geta verið langar gönguleiðir en ekki mikil hækkun eða styttri gönguleiðir og þá meiri hækkun.



Miðlungserfiðar ferðir: Miðlungslangar dagleiðir, yfirleitt 5 - 7 klst. oftast utan slóða og/eða í hæðóttu landi. Bakpoki þarf ekki að vera þungur. Engar eða auðveldar ár. Þátttakendur þurfa að vera í nokkuð góðri þjálfun.

Dæmi um ólíkar gönguferðir sem fallið geta undir tveggja skóa ferð hjá FFA

1. Dæmi:

Staðartunguháls að Hrauni í Öxnadal **2 skór**

Gengið upp Staðartunguhálsinn og í framhaldinu eftir hálsinum sem skilur að Hörgárdal og Öxnadal. Gangan endar við Hraun í Öxnadal.

Vegalengd: 13-14 km. Gönguhækkun um 600 m.

2. Dæmi:

Upp með Hrappsstaðaá **2 skór**

Gengið er upp með Hrappsstaðaá. Þægileg ganga upp með gilinu þar sem fossar og flúðir gleðja augað. Sama leið gengin til baka.

Vegalengd alls 6 km. Gönguhækkun: 460 m.

3. Dæmi:

Krepputunga - Sönghofsdalur **2 skór**

Ekið að Kreppubrú og bílum lagt. Þaðan er gengið á söndum út í tunguna í átt að ármótum, um Sönghofsdal og ummerki um gamla árfarvegi skoðaðir.

Vegalengd alls um 18 km. Gönguhækkun óveruleg.

[Sjá nánar hér um erfiðleikastig hjá FFA](#)